

Bjarki Jóhannesson  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður

Reykjavík 16. febrúar 2015  
UST201502-438

## Suðurnesjalína 2. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulags- og byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar dags. 9. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um umsókn Landsnets hf. um framkvæmdaleyfi vegna Suðurnesjalínu 2.

Í umsókn Landsnets hf. um framkvæmdaleyfi segir m.a.: „*Til að byrja með verður aðeins reist ein 220 kV háspennulína meðfram núverandi 132 kV línu.*“


Til að draga úr raski á jarðmyndanir eins og hraun sem nýtur sérstakrar verndar sbr. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd hefur Umhverfisstofnun lagt áherslu á að framkvæmdaaðilar nýti þau línu- og vegstæði sem fyrir eru eins og kostur er og forðist með þeim hætti að taka nýtt land undir mannvirkni.


Umhverfisstofnun telur að með því að leggja Suðurnesjalínu 2 meðfram núverandi línu sé unnt að nýta línuveg sem þegar er fyrir hendi í stað þess að leggja nýjan veg um óraskaðan hluta hraunsins.

Umhverfisstofnun bendir á að vanda eigi staðsetningar afleggjara að möstrum og að halda stærð plana í lágmarki.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda umsókn.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson

  
Ádalbjörg Birna Guttormsdóttir